

(C. V, 1).

Nd.

56. Tillaga

til þingsályktunar um prófessorsembættið í íslenskri bókmentasögu við háskólann.

Flutningsmenn: Jakob Möller og Ásgeir Ásgeirsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að reyna með samningum að fá prófessor Sigurð Nordal til að halda embætti sínu við háskólann.

Greinargerð.

Eins og þingmönnum mun kunnugt, hefir prófessor Sigurði Nordal verið boðin prófessorsstaða við háskólann í Kristjáníu með mun betri kjörum en hann á kost á hjer. Væri háskóla vorum óbætanlegt tjón að því að missa hann, eins og nú stendur, enda er það almenn ósk mentamanna, að hann verði hjer kyr, en hann hefir lýst því yfir, að hann mundi fáanlegur til þess, ef kjör hans yrðu bætt svo, að svipuð yrðu því, sem hann á kost á í Noregi.